

skal gilda við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru fyrir janúarmánuð 1981. Að öðru leyti gilda ákvæði tilvitnaðrar auglýsingar áfram óbreytt.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Sigurgeir A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um gjaldmiðilsskipti 2. janúar 1981.

1. gr.

Bönkum og sparisjóðum er heimilt, með hliðsjón af 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um gjaldmiðilsbreytingu nr. 253/1980 að annast gjaldmiðilsskipti, þ.e. að skipta gömlum krónum í nýjar krónur, 2. janúar 1981, þótt þeir séu að öðru leyti lokaðir þann dag.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í 9. gr. laga nr. 35 29. maí 1979, um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils, öðlast gildi 1. janúar 1981.

Viðskiptaráðuneytið, 19. desember 1980.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Björn Lindal.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 394/1980 um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiða hreyfihamlaðra.

1. gr.

5. gr. hljóði svo:

Uppbót skal á fyrri helming ársins 1981 nema nýkr. 1 000 og vera hin sama handa öllum þeim er hennar njóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 1. gr. laga nr. 36/1980 um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 11. desember 1980.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.